

Faghópur um vefstjórnun hjá Ský – Skýrsla fyrir árið 2018

Faghópur um vefstjórnun hjá Ský hélt fjóra hádegisfundum á árinu á Grand hóteli sem voru mjög vel sóttir og var uppselt á tvo síðustu fundina. Aukið framboð á fundum, ráðstefnum og meiri „samkeppni“ í fræðslumálum um vefmál á markaðinum virðist ekki hafa dregið úr áhuga á hádegisfundum vefstjórnunarhóps SKÝ, aðsókn hefur frekar aukist. Við leggjum áherslu á fjölbreytt efnistöð og leggjum okkur fram um að velja umfjöllunarefni sem félagsmenn eru að kalla eftir sem og efni sem er efst á baugi og vinsælt hverju sinni. Okkar markmið er að þeir sem sækja fundina okkar fái innblástur en geti jafnframt tekið með sér heim hagnýtar upplýsingar og dæmisögur sem nýtast í starfi. Fundirnir voru haldnir með sama sniði og í fyrra, þrjár til fjórir fyrirlesarar, fundarstjóri og pallborðsumræður í lokin.

Fyrsti fundur ársins var haldinn 21. mars 2018 og bar hann yfirskriftina „Íslensk vefverslun – Erum við á réttri leið?“. Fundurinn fjallaði um hversu langt íslenskar vefverslanir eru komnar og hvort þær standist samanburðinn við þær erlendu hvað varðar framsetningu og þjónustu. Á fundinum var fjallað um vefverslun á breiðum grunni og rætt hvernig á að setja upp góða vefverslun og hvað þarf að vera til staðar í vefverslun svo hún teljist góð. Hvað hefur reynst vel og hvað ber að varast og hvað þarf að vera til staðar á bak við tjöldin. Einnig var rætt um þróun og framtíðarsýn vefverslana. Fyrirlesarar komu frá Samskip, Nova, Boxid.is og Elko.

Annar fundur ársins, „Er öryggi innifalið?“, var haldinn 23. maí 2018. Fundurinn var haldinn í góðu samstarfi við öryggishópinn og var fjallað um öryggi í hugbúnaðargerð með sérstakri áherslu á vefinn. Á fundinum var varpað ljósi á leiðir til að koma í veg fyrir öryggisbresti sem og viðbrögð við þeim, bæði frá sjónarhorni kaupandans og forritarans. Fyrirlesarar komu frá Eimskip, Kvis og Syndis.

Á þriðja fundinum, „Endalok innri vefsins eða samstillt hjónaband?“, sem var þann 12. september, var fjallað um kosti og galla Workplace by Facebook. Rætt var um notkun fyrirtækja og stofnana á samskiptamiðlinum Workplace frá ýmsum sjónarhornum og þeirri spurningu velt upp hvort komið sé að endalokum hefðbundinna innri vefja eða hvort og þá hvernig þessi verkfæri geta unnið saman. Einnig var rætt hvaða áhrif Workplace gæti haft á hinn hefðbundna innri vef. Fyrirlesarar komu frá Landspítalanum, Landsneti og Nova.

Fjórdi fundur ársins var haldinn 7. nóvember og var yfirskriftin „Þróun vefsins í stafrænni framtíð – Nýjustu straumar og stefnur“. Umræðuefnið var hvaða breytingar eru að verða á því hvernig veflausnir eru þróaðar. Rætt var hvernig hlutverk vefja í þjónustu við viðskiptavini munu breytast á næstunni og hvaða áhrif ný tækni og nýjar hugmyndir hafa á hvernig vefir eru hannaðir og notaðir. Það varð ljóst að þróunin heldur áfram og það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi í gangi. Fyrirlesarar komu frá Reykjavíkurborg, Sendiráðinu vefstofu ásamt sjálfstætt starfandi hönnunarstjóra og yfirmanni vöruþróunar Google Assistant og formanni í stýrihópi stjórnvalda um mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland.

Við erum mjög sátt við fundina okkar, fyrirlesarana og aðsóknina síðastliðið ár. Við ætlum að halda ótrauð áfram að bjóða áhugaverða og hagnýta hádegisfundum og vera með puttann á púlsinum til að finna efni sem höfðar til allra sem hafa áhuga á eða koma að vefmálum og annarri stafrænni þjónustu og miðlun. Næstu fundir faghópsins verða haldnir 13. mars og 15. maí 2019.

Stjórnina skipa Guðný H. Danivaldsdóttir (Fjármálaeftirlitið), Birna Guðrún Magnadóttir (Póst- og fjarskiptastofnun), Björn Sigurðsson (Rekstrarfélag stjórnarráðsins), Halla Kolbeinsdóttir (Sjálfstætt starfandi), Heiðar Örn Arnarson (ISAVIA), Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir (Advania) og Sigrún Ásta Einarsdóttir (A4).